

## Fyrirspurn

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um daggjöld hjúkrunarheimila og fjölda hjúkrunarrýma.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Við hvaða dvalarheimili og hjúkrunarheimili öldrunarstofnana hefur ráðherra haft samráð til ákvörðunar daggjalda, sbr. 39. gr. laga um almannatryggingar?
2. Telur ráðherra að samanlagðar tekjur öldrunarstofnana standi undir eðlilegum rekstrar-kostnaði?
3. Hefur reglugerð um framkvæmd mats á hjúkrunarþyngd verið gefin út?
4. Hvert var daggjald til hjúkrunarheimilisins Sóltúns frá 1. júní 2001 til 1. júní 2002, uppgengið fyrir hvern mánuð fyrir hvern einstakling? Hvert var sérstakt húsnæðisgjald á legudag fyrir sama tímabil?
5. Hve mörg ný hjúkrunarrými fyrir aldraða þarf að byggja til ársins 2010 svo að bið eftir rými verði aðeins 90 dagar, sbr. Heilbrigðisáætlun til ársins 2010:
  - a. í Reykjavík,
  - b. utan Reykjavíkur?
6. Hve mörg tilbúin hjúkrunarrými eru vannýtt utan höfuðborgarsvæðisins og hvar eru þau?

Skriflegt svar óskast.